

í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Franz Jezorski, er hefir látið mæta í málinu, 20 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 4. marz 1940.

Nr. 124/1939. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)  
 gegn

**Sigurði Jónssyni** (Lárus Jóhannesson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Sigurður Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna

Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannes-  
sonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að  
lögum.

**Dómur löggluréttar Reykjavíkur 19. okt. 1939.**

Ár 1939, fimmtudaginn 19. október, var í lögglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögglustöðinni í forföllum lögglustjóra af fulltrúa hans Einari Arnalds, upp-  
kveðinn dómur í málinu nr. 1388/1939: Valdstjórnin gegn Sigurði Jónssyni, sem tekið var til dóms 11. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Jónssyni, bifreiðarstjóra, Hringbraut 74 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögnum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 31. október 1900, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1927  $\frac{2}{3}$  Kærður fyrir bifreiðarékstur. Málið afgr. til dómara.
- 1930  $2\frac{2}{3}$  Áminning fyrir brot á umferðarreglum.
- 1932  $\frac{1}{2}$  Áminning fyrir brot á reglum um próf bifreiðarstjóra.
- 1932  $1\frac{5}{10}$  Sætt: 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1932  $\frac{7}{12}$  Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1933  $\frac{7}{10}$  Dómur löggluréttar Reykjavíkur: 500 kr. sekt og svipting ökuskirteinis í 3 mánuði fyrir brot gegn 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. laga nr. 70 1931 um notkun bifreiða og 20. gr., 11. gr. sbr. 32. gr. og 13. gr. sbr. 27. gr. 2. tl. áfengislaga nr. 64 1930.
- 1934  $1\frac{9}{12}$  Sætt: 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1935  $\frac{1}{2}$  Sætt: 15 kr. sekt fyrir að hafa of marga farþega í bifreið.
- 1936  $1\frac{2}{3}$  Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1937  $2\frac{2}{12}$  Sætt: 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1938  $2\frac{1}{4}$  Áminning fyrir brot á umferðarreglum.
- 1938  $3\frac{1}{7}$  Undir rannsókn fyrir meint áfengislaga- og bifreiðalagabrot. Sök sannaðist ekki.
- 1939  $2\frac{1}{4}$  Dómur löggluréttar Reykjavíkur: 200 kr. sekt

og svipting ökuskirteinis æfilangt fyrir ölvun við bifreiðarakstur. Staðfest i hæstarétti 27. september 1939.

Laust fyrir kl. 1 aðfaranótt sunnudagsins 28. maí s. l. var lögreglan beðin að koma á Hringbraut 74. Lögreglan fór þegar þangað og tók þar kærða í máli þessu, sem var mjög ölvaður og svo illur, að kona hans óskaði eftir, að lögreglan tæki hann burt. Var kærði fluttur á Landspítalann og tekið þar sýnishorn af blóði hans, sem við rannsókn reyndist 1,95% að áfengismagni. Síðan var kærði fluttur í fanga-húsið.

Er lögreglan kom að Hringbraut 74, veitti hún því eftirtekt, að bifreið kærða, R. 771, stóð fyrir utan húsið, og einn lögregluþjónanna, Pétur Kristinsson, hefir borið, að hann hafi veitt því sérstaka athygli, að vatnskassi bifreiðarinnar var volgur.

Skömmu áður, eða kl. 0,30, var lögregluþjónninn Páll Guðjónsson staddur á Hringbraut skammt frá húsinu nr. 74 og átti þar tal við Berg Lárusson, bifreiðarstjóra. Var þá kallað til Páls, og um leið kom kvenmaður út úr bifreiðinni R. 771, sem stóð fyrir framan Hringbraut 74, en karlmaður gekk frá bifreiðinni og að húsinu nr. 74. Stúlku þessari, sem heitir Sigríður Þorgeirsdóttir, fylgdi Páll síðan heim. Hefir Sigríður borið fyrir rétti og staðfest þann framburð sinn með eiði, að hún hafi hitt kærða umræddan laugardag kl. 6½ í Lækjargötu, og ók þá kærði bifreiðinni R. 771. Bauð kærði henni upp í bifreiðina, og ók hún með honum hingað og þangað fyrir innan bæinn, þar til kl. um 0,30, að haldið var heim til kærða. Meðan á þessum akstri stóð, ber vitnið Sigríður, að þau hafi drukkið úr þriggja pela flösku af brennivíni og að kærði hafi verið orðinn mjög drukkinn, er þau komu heim til hans að húsinu nr. 74 við Hringbraut. Vildi kærði fá hana með valdi inn til sín, en Sigríður kallaði þá á lögregluþjón, sem þar var staddur, og hljóp þá kærði út úr bilnum og inn til sín.

Vitnið Bergur Lárusson, bifreiðarstjóri, hefir borið, að laust eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 28. maí s. l. hafi það gengið upp að húsinu nr. 74 við Hringbraut og þá ekki séð þar neina bifreið. Gekk vitnið síðan dálítið frá húsinu og fór að vinna þar við bifreið. Er vitnið hafði unnið við bifreiðina um 15 mínútur, þá veitir það því at-

hygli, að bifreiðin R. 771 er nú stödd fyrir framan húsið nr. 74 við Hringbraut. Litlu síðar kom út úr bifreiðinni stúlka og kallaði í lögregluþjón, sem hafði staðið og talað við vitnið nokkra stund. Vitnið veitti því eftirtekt, að auk stúlkunnar var karlmaður í bifreiðinni, en ekki sá það fleira fólk. Um leið og stúlkan kom út úr bifreiðinni, sá vitnið karlmann ganga út úr henni og að húsinu nr. 74 við Hringbraut.

Kærði hefir haldið fram, að hann hafi laugardaginn 27. maí s. l., kl. um 5½, ekið með fólk suður á Vatnsleysuströnd, verið lengi í ferðalagi þessu vegna ólags á bifreiðinni, en að því loknu ekið beint heim til sín, skilið bifreiðina þar eftir, tekið swisslykilinn úr henni og ekki hreyft hana til aksturs eftir það, heldur farið niður í kjallara í húsi sínu og byrjað þá fyrst að drekka áfengi þenna dag. Síðan segist kærði hafa farið upp í íbúð sína og muna ekkert úr því, þar til hann raknar við í fangahúsinu. Kærður hefir ekki getað munað, hvað klukkan hafi verið, þegar hann kom heim til sín úr fyrrgreindu ferðalagi, né hefir hann getað gert frekari grein fyrir farþegum sínum en að þeir hafi verið kvenmaður og 2 karlmenn.

Eins og atvikum hefir verið lýst, verður að telja fullsannað, þrátt fyrir neitun kærða, að hann hafi ekið bifreið sinni, R. 771, umrætt laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudags 27. og 28. maí s. l. og verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Hefir kærði með því gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 400 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærði, Sigurður Jónsson, sæti 400 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 6. marz 1940.

Nr. 98/1937. **Hjalti Benónýsson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Þóru Guðmundsdóttur**

(Sveinbjörn Jónsson).

Barnsfaðernismál.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóminn hefir uppkveðið Þórhallur Sæmundsson, lögrelustjóri á Akranesi.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1937, hefir krafizt þess, að hann verði sýkn dæmdur af kröfum stefndu, nema hún staðfesti það með eiði sínum, að hún hafi ekki haft samfarir við nokkurn annan karlmann á getnaðartíma barns hennar, Björgvins Sævars, er fæddist 4. nóv. 1932, en áfrýjanda. Stefnda hefir *aðallega* krafizt staðfestingar á héraðsdóminum, en *til vara*, að faðerni barnsins verði látið velta á því, að hún staðfesti það með eiði sínum, að hún hafi haft samfarir við áfrýjanda á tímabilinu frá 6. jan. 1932 til 25. marz s. á., og til *brautavara*, að faðerni barnsins verði látið velta á slíkum eiði sem í kröfu áfrýjanda greinir. Loks krefst stefnda málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti, svo sem málið væri ekki gjafvarnarmál, en gjafvörn fékk hún með bréfi